

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2025.

Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands var haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð, miðvikudaginn 26. mars 2025 kl. 11:15.

Fundinn sátu fulltrúar og kjörmenn allra aðildarsveitarfélaga, nema Kjósarhrepps, auk fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Vesturlands. Aðildarsveitarfélög eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja-ogMiklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur. Fulltrúa vantaði frá Kjósarhreppi.

Kristinn Hallur Sveinsson formaður heilbrigðisnefndar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og stakk hann upp á Auði Kjartansdóttur sem fundarstjóra og Ásu Hólmarsdóttur sem fundarritara. *Samþykkt.*

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2024.

Formaður Heilbrigðisnefndar Vesturlands flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2024.

Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gekk vel árið 2024. Stjórn hélt sex fundi á árinu þar af fimm fjarfundi auk aðalfundar í mars að hótél Hamri og eigandafundar sem var haldinn á Hótel Varmalandi, vor 2024.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að framfylgja hinum ýmsum lögum, reglugerðum og samþykktum sveitarfélaga þar sem kveðið er á um að tiltekin starfsemi sé háð starfsleyfi eða skráningu og eftirliti heilbrigðiseftirlits. Heilbrigðisfulltrúar vinna í umboði heilbrigðisnefndar. Fjöldi stöðugilda árið 2024 var 4,8 en miðað er við 5 stöðugildi í rekstrinum. Heilbrigðiseftirlitið náði að sinna 98% af lögbundnu eftirliti á síðasta ári. Þar að auki var sérstök áhersla lögð á eftirfylgni með úrbótum á frávikum. Formaðurinn kom inn á umræður og samskipti, sem tóku mikinn tíma í vinnu framkvæmdastjóra vegna hugmynda um að færa allt eftirlit til ríkisins. Sveitarfélögin á Vesturlandi voru samstíga í að vilja hafa heilbrigðiseftirlitið áfram í héraði. Formaður nefndar minnti síðan sveitarfélögin á að þau eigi greiðan aðgang að heilbrigðiseftirlitinu vegna úrlausnarmála sem geta komið upp á. Hann þakkaði að lokum nefndarmönnum, starfsmönnum og sveitarfélögunum á Vesturlandi fyrir gott samstarf.

2. Ársreikningar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands árið 2024

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikninga fyrir árið 2024 og var reksturinn í góðu jafnvægi á árinu.

3. Umræður um skýrslu stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands og ársreikning 2024.

Ársreikningur var samþykktur samhljóða. Ársreikningurinn er aðgengilegur á vef eftirlitsins www.hev.is.

4. Kynning á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2024.

Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi heilbrigðiseftirlitsins fyrir síðasta ár og helstu lykiltölur vegna þess. Fyrirspurnir og umræður voru um viðbrögð vegna frávika í eftirliti, alvarleika og eftirfylgni vegna þeirra, einnig var rætt um lífrænar vottanir og feril slíkra vottana. Fjallað var um mál sem hefur verið í fjölmiðlum undanfarið, þ.e um hveitimyllu Kornax á Grundartanga. Þorsteinn framkvæmdastjóri fór yfir málið og útskýrði að skv. matvælalöggjöf er óheimilt að staðsetja matvælaframleiðslu í nálægð við mengandi starfsemi sem getur haft mengandi áhrif á hana. Hann benti m.a. á nokkrar rangfærslur sem sem komið hafa fram í fréttum tengt þessu máli og ítrekaði að heilbrigðisnefnd hefur farið að lögum við afgreiðslu málsins.

5. Sameiginleg gæludýrasamþykkt á Vesturlandi.

Rætt um tillögu að sameiginlegri gæludýrasamþykkt fyrir Vesturland sem hefur verið til skoðunar og umfjöllunar hjá sveitarfélögunum undanfarna mánuði. Meirihluti sveitarfélagana á Vesturlandi er almennt jákvæður fyrir slíkri samþykkt en fámennustu sveitarfélögin (Skorradalshreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur og Kjósarhreppur) sem ekki eru með þéttbýli eru ekki fylgjandi samþykktinni eins og hún er í dag, þar sem ákvæði í henni eru erfið í framkvæmd t.d í dreifbýlinu og frístundabyggðum.

Fundarstjóri lagði til við fundinn að endurskoða samþykktina vegna dreifbýlissjónarmiða og senda hana aftur til sveitarfélagana.

Samþykkt samhljóða.

6. Hreinsun lóða og lendna- Tiltektarmál.

Framkvæmdastjóri greindi frá tíðum fyrirspurnum frá aðildarsveitarfélögum um hvort heilbrigðiseftirlitið geti tekið að sér lóðahreinsanir í sveitarfélögunum. Löggjöfin er nokkuð skýr um heimildir heilbrigðisnefnda til inngripa í slíkum málum en heilbrigðiseftirlitið þarf að forgangsraða sinni vinnu þannig að reglubundið eftirlit komi fyrst og nær því ekki að anna nema minni málum eins og varðandi númerslausar bifreiðar þar sem verklag er nokkuð skýrt. Framkvæmdastjóri kynnti að á Suðurlandi og Suðurnesjum er fyrirmynd að því að sveitarfélög kosti sérstakan starfsmann hjá heilbrigðiseftirlitinu til að sinna tiltektarmálum og lagði til við fundinn að þessi leið yrði prófuð.

Í umræðum um málið komu fram spurningar um hvort að hægt væri að fjarlægja óleyfisgama að undangengnu aðvörunarferli. Framkvæmdastjóri taldi svo vera enda væri löggjöfin skýr hvað þetta varðar.

Fram kom tillaga að fela heilbrigðisnefndinni að vinna kynningu á, þ.e. að skýra ferlinn og formið, og framkvæmdina með heildstæðri áætlun ásamt kostnaði og senda sveitarfélögunum.

Í umræðum um málið kom fram að fundarmenn voru einhuga um að sveitarfélögin yrðu að vera tilbúin sjálf í að fara í þetta verkefni og vera samstíga heilbrigðiseftirlitinu í þeirru vinnu. Mögulega þurfa sveitarfélögin að geta boðið fram geymslusvæði gegn gjaldi, fyrir ýmsan búnað íbúa sem koma þarf fyrir í lengri eða skemmri tíma.

Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.

Fundi slitið kl. 12.36.

Ása Hólmarsdóttir, fundarritari. 26. mars 2023,